



49. fundur stjórnar Samtaka sveitarfélaga og atvinnuþróunar á Norðurlandi eystra Fundargerð

Fundur haldinn á Teams miðvikudaginn 1. mars 2023 á Teams og hófst fundurinn kl. 13.00.

Fundinn sátu: Lára Halldóra Eiríksdóttir, formaður, Hilda Jana Gísladóttir, Helena Eydís Ingólfssdóttir, Katrín Sif Ingvarsdóttir, Þórunn Sif Harðardóttir, Þröstur Friðfinnsson, og Albertína Friðbjörg Elíasdóttir framkvæmdastjóri sem ritaði fundargerð. Sigurður Þór Guðmundsson boðaði forföll.

1. Ársþing 2023

Lögð fram drög að dagskrá ársþings SSNE sem haldið verður 14.-15. apríl næstkomandi.

Stjórn felur framkvæmdastjóra að vinna dagskrána áfram í samræmi við umræður á fundinum.

2. Fjárhagsáætlun 2023 og 2024

Lögð fram drög að fjárhagsáætlun SSNE fyrir 2023 og 2024. Rögnvaldur Guðmundsson, verkefnastjóri mætti til fundarins undir þessum lið.

Stjórn samþykkir framlögð drög að fjárhagsáætlun fyrir sitt leyti og felur framkvæmdastjóra að senda þau út með gögnum ársþings SSNE sem haldið verður á Siglufirði 14.-15. apríl næstkomandi.

3. Ársreikningur 2022

Ársreikningur SSNE 2022 er í skoðun hjá endurskoðendum SSNE.

Umræðu frestað til næsta fundar.

Þórunn Sif vék af fundi kl. 14.00.

4. Verklagsreglur og starfsreglur Úthlutunarnefndar Uppbyggingarsjóðs Norðurlands eystra

Lagðar fram tillögur Úthlutunarnefndar Uppbyggingarsjóðs um breytingar á verklags- og starfsreglum nefndarinnar.

Stjórn samþykkir breytingarnar fyrir sitt leyti og vísar til afgreiðslu ársþings SSNE sem haldið verður á Siglufirði 14.-15. apríl næstkomandi.

5. Breytingar á samþykktum SSNE

Farið yfir tillögur um breytingar á samþykktum. Jafnframt lagt fram kostnaðarmat á þremur sviðsmyndum í tengslum við mögulegar breytingar á skipan stjórnar.

Umræðu frestað til næsta fundar.

Katrín Sif vék af fundi kl. 15.00.

6. Svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs

Lögð fram samantekt á aðgerðum úr tillögu að svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs á Norðurlandi. Smári Jónas Lúðvíksson verkefnastjóri mun mæta á fundinn undir þessum lið.

Umræðu frestað til næsta fundar.

7. Heilbrigðiseftirlit Norðurlands eystra – drög að samstarfssamningi

Lögð fram að nýju drög að samstarfssamningi sveitarfélaganna um Heilbrigðiseftirlit Norðurlands eystra.

Stjórn samþykkir drögin fyrir sitt leyti og felur framkvæmdastjóra að senda þau út til sveitarfélaganna til umfjöllunar og samþykktar.

8. Mál til umsagnar

- a. [Frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum er varða opinbert eftirlit Matvælastofnunar \(samræming gjaldtökuheimilda\).](#)
- b. [Frumvarp til laga um breytingu á lögum um pósthjónustu \(útbætur á póstmárkaði\).](#)
- c. [Frumvarp til laga um breytingu á raforkulögum, nr. 65/2003 \(viðbótarkostnaður\).](#)

Umræðu frestað til næsta fundar.

9. Efni til kynningar

- a. [Fundargerð stýrihóps stjórnarráðsins um byggðamál.](#)
- b. Fundargerðir [227.](#) og [228.](#) fundar Heilbrigðisnefndar Norðurlands eystra.
- c. Starfsáætlun Márkaðsstofu Norðurlands 2023.
- d. Minnisblað frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga um ágang búfjár.
- e. Samstarf við sveitarfélög og landshlutasamtök vegna lögbundinna verkefna.

10. Önnur mál

Fundi slitið kl. 15:19.